

---

# Fréttabréf

Félags íslenskra atvinnuflugmanna  
desember 2020

---



**GLEÐILEG JÓL!**  
**HAPPY HOLIDAYS!**

(English version begins on page 15)





# Það er að birta til

Jón Þór Þorvaldsson  
formaður FÍA skrifar:

Það er að birta til. Jákvæðar fréttir hafa verið að berast okkur undanfarna daga. Í Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada er bólusetning almennings hafin. Mexíkó hefur samþykkt notkun bóluefnis frá Pfizer og skammt er þar til fleiri lönd munu fylgja í kjölfarið. Erlend flugfélög eru að birta upp færðar flugáætlanir fyrir árið 2021. Framundan er að skipuleggja endurkomu flugmanna og endurbjálfun þeirra. Löng fjarvera frá vinnu kallar á aukna þjálfun til að viðhalda færni. Mörg flugfélög stefna að slíkri nálgun enda er flugöryggi sett framar öllu. Við hljótum að gera ráð fyrir að íslenskir flugrekendur bregðist eins við og auki við endurkomuþjálfun. Enda hafa uppsagnir flugmanna á Íslandi verið hlutfallslega umfangsmeiri en í öðrum löndum á árinu sem hefur stórlaskað flugrekstur um allan heim.

Ég hef þá trú að stíflan sé að breyta. Af fréttum má ráða að ferðahugur sé í fólki bæði innanlands og um heim allan. Bókunum ferðamanna hjá stærsta viðsejenda okkar, Icelandair, fjólgar á vormánuðum og næsta sumar sem gefur góð fyrirheit um bjartari tíma framundan. Bókunarmynstur hefur breyst að sögn og bókanir berast með skemmi fyrirvara en áður. Það er skiljanlegt einkum ef flugfélög eru á báðum áttum um hvort þau hyggist fljúga þær ferðir sem boðnar hafa verið.

Í upphafi þess árs sem senn liður var allt með kyrrum kjörum í FÍA. Ný stjórn var kosin á aðalfundi í febrúar og hafist var handa við stefnumótun og að skipa í nefndir og ráð. Við sem þar sitjum nú tókum við góðu búi sem hefur komið sér vel í þessari ágjöf. Fjárhagur og innviðir stéttarfélagans eru afar traustir, það sést vel þegar á reynir. Sú vinna, skipulag og reynsla sem safnast hefur upp á tæpum 75 árum er að skila sér. Flugmenn í FÍA eru afar samrýmdur hópur úrvals fagmanna, sem hefur með órofa samstöðu byggt undir afar verðmæt störf sem eru eftirsótt og svo mun verða lengi enn. Samstaða er lykill okkar að áframhaldandi velgengni og góðu starfsumhverfi. Þeir starfsfélagar okkar sem ekki tilheyra stéttarfélögum og þurfa að vinna fyrir flugfélög sem virða ekki evrópskan vinnurétt og leikreglur á vinnumarkaði eru ekki öfundsverðir. Hitt er jafn ljóst, að þeim flugfélögum vegnar ekki betur en öðrum þrátt fyrir að fara á svig við leikreglurnar.

## Samningur við Atlanta samþykktur

Það var ánægjulegt að fá þær fréttir frá formanni samninganefndar FÍA að skrifað hefði verið undir nýjan kjarasamning við Atlanta föstudaginn 4. desember. Samningurinn var kynntur flugmönnum félagsins og settur í kosningu í kjölfarið þar sem hann var samþykktur með tæpum 96% atkvæða. Við óskum

Atlantamönnum innilega til hamingju með nýjan kjarasamning.

## Hagræðing á kostnað grunngilda?

Samningaviðræður við Bluebird, Norlandair, Mýflug, og LHG standa enn yfir. Þær viðræður hafa gengið misvel og samkomutakmarkanir hafa sett mark sitt á þær. Annað sem er sammerkt með kjaraviðræðum nú eru kröfur sem flugrekendur hafa sett fram. Þær eiga það sameiginlegt að vera á köflum mjög brattar þar sem sótt er að grunngildum stéttarfélagsins undir merkjum hagræðingar. Auðvitað er eðlilegt að gera kröfu um hagræðingu í rekstri og oftast hefur FÍA komið til móts við sanggjarnar kröfur. Nú má hinsvegar merkja að markmiðið sé að kreista allt sem hægt er úr Covid-túpunni. Starfsfólki fyrirtækjanna er með öðrum orðum ætlað að bera sem stærstan hlut af þeim skaða sem ákvarðanir stjórnvalda hafa valdið flugrekstri og fyrirtækjunum sem starfa í geiranum. Dæmi eru um að óhefðbundnum aðferðum sé beitt til að ná fram þessum markmiðum. FÍA er vissulega í varnarbaráttu núna, en við höfum verið í þeim sporum áður og ávallt komið standandi niður. Við höfum sýnt fordæmalausu ástandi skilning og einsett okkur að vinna með heildarhagsmunum að leiðarljósi. En svo má hamra deigt járn að bita.

## Ráðleggingar til ráðamanna

FÍA hefur lagt nokkra vinnu í að reyna að hafa áhrif á lagasetningar sem varða hagsmuni stéttarfélagsins og flugmanna. Erindi og umsagnir um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál hafa verið send til velferðarnefndar, viðskipta- og efnahagsnefndar, umhverfis- og samgöngunefndar og grænbókarnefndar, auk funda með nefndunum eftir atvikum í kjölfarið. Enn er von á fundum með þessum nefndum til að fylgja málum eftir. Fréttir af sameiginlegri yfirlýsingu 8 samgönguráðherra Evrópuríkja, þar sem varað er við undirboðum og verktöku í fluginu hefur vakið athygli. FÍA kom yfirlýsingunni á framfæri við yfirvöld og fjölmiðla en yfirlýsinguna má lesa í heild hér í fréttabréfinu á bls.4.

## EFÍA, flugmenn og hlutir í Icelandair

Flugmenn og Eftirlaunasjóður flugmanna eru nú eftir hlutafjárútböð Icelandair með umtalsverðan hlut í Icelandair Group h/f. Af þeirri ástæðu óskaði FÍA eftir að fulltrúar FÍA og EFÍA fengju fund með uppstillingarnefnd Icelandair Group. Við því var orðið og úr varð góður fundur. Formaður nefndarinnar fór yfir störf og verklag hennar. Ennfremur var núverandi stjórn og bakgrunnur þeirra sem í henni sitja reifaður. Þá gafst fulltrúum FÍA og EFÍA tækifæri til að bera upp og svara

# Pistill formanns

spurningum og að kynna sýn flugmanna og áherslur sem við mundum vilja sjá til framtíðar í rekstri og stjórnun samstæðunar.

## Endurkoma B737-MAX

Í síðustu viku var FÍA boðað til fundar með EASA og ECA vegna endurkomu B737-MAX. Fundurinn var afar áhugaverður en þar var farið yfir ferlið við endurinnleiðingu flugvélna, breytingar á kerfum, verkferlum, gátlistum, þjálfunarkröfum ofl. Þar gafst tækifæri til að spyrja spurninga og fá svör frá fyrstu hendi. Nú þegar þetta er ritið er lokið fyrsta farþegafluginu á B737 MAX eftir kyrrsetningu, sem hljóta að teljast ánægjuleg tíðindi.

## Ómetanleg störf nefnda FÍA

Fulltrúar FÍA hafa unnið að samningi við flugrekendur um „Peer Support“ eða svokallaðan félagsstuðning. Sú vinna er á loka-metrunum og verður kynnt félagsmönnum fljótlega.

Alþjóðanefndin hefur haft í nógu að snúast. Fjölmargir fjárfundir hafa verið haldnir með erlendum fulltrúum Alþjóða- og Evrópusamtaka flugmanna. Það hefur sýnt sig að þátttaka okkar í alþjóðastarfinu er mjög mikilvæg og samstaða okkar flugmanna í því er ekki síður mikilvæg en innan okkar eigin stéttarfélags.

Ótalin eru verkefni fjölmargra nefnda og sjóða sem sinna frábæru og öflugum starfi. Stjórn stéttarfélagsins tók ákvörðun um að auka þjónustu og stuðning við félagsmenn á þessum fordæmalausu tímum þar sem stéttarfélagið er vel í stakk búið til þess. Auðvitað hefur það þýtt aukið álag á starfsfólki og flesta sem starfa fyrir hönd FÍA í þágu félagsmanna, en við getum verið ánægð og stolt af því að geta brugðist við á þann hátt.

## Vonbrigði með stefnu Icelandair

Nú hefur vinnuskrá Icelandair fyrir janúarmánuð verið gefin út. Þar birtist sú stefna fyrirtækisins að vera ekki tilbúið í viðspyrnu á vormánuðum eins og vonir okkar stóðu til.

## 68 flugmenn til viðbótar munu missa vinnuna 1. janúar 2021.

Þar kristallast svokallaður pilsaldakapitalismi því það virðist sem ætlunin sé að nýta móttframlag ríkisins vegna orlofsskuld-bindinga félagsins gagnvart þeim flugmönnum sem sagt er upp.

Það er ósmekklegt að hafa sumarorlof af starfsfólki sem hefur starfað á þriðja áratug af trúmennsku fyrir félagið og enn ósmekklegra er að gera það á kostnað ríkissjóðs.

Einungis um 70 flugmenn verða starfandi hjá Icelandair eftir áramót af þeim 558 sem eru á starfsaldurslista Icelandair. Það gefur augaleið að ekkert svigrúm er til að bregðast við aukinni eftirspurn eða til að undirbúa sumarið með þeim fjölda flugmanna þrátt fyrir yfirlýsingar forsvarsmanna Icelandair þar um. Fyrirtækið hefur sagst stefna að því að fljúga allt að 75% af flugáætlun sumarsins 2019 á komandi sumri. Þarna fara ekki saman hljóð og mynd en auðvitað bera stjórnendur ábyrgð á þessari ráðstöfun.

Við hjá FÍA og reyndar fleiri teljum yfirgnæfandi líkur á að Covid stíflan sé að breyta. Það væri glapræði að veðja á ólíkindi fremur en líkur og vera óundirbúin að veita viðspyrnu sem gæti þurft að gera hratt, jafnvel á allra næstu vikum. Satt má vera að janúar og febrúar séu þunnir mánuðir í bókunum en þá ætti að nýta til þjálfana og frekari undirbúnings fyrir komandi sumar. Sú starfsmannastefna sem í raun er rekin hjá Icelandair samræmist ekki þeirri sem félagið skreytir sig með á tillidögum. Von okkar stendur þó til að það geti breyst. Við ætlum að vinna áfram að því að sannfæra stjórnendur félagsins um mikilvægi þess að fara ekki of þunnskipaðir til móts við nýtt ár.

Við sem erum ekki aðeins hluthafar heldur einnig starfsmenn Icelandair til áratuga getum ekki setið aðgerðarlaus hjá og horft á stjórnendur réttlæta rangar ákvarðanir sem leiða til en frekari samdráttar í stað þess að einhenda sér í að undirbúa öflugri markaðssókn en fordæmi eru fyrir.

## Bjartari tímar framundan

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Ég er þess fullviss að árið 2021 verði ár uppsveiflu í flugheiminum og að við getum gengið bjartsýn til móts við nýja tíma.

Ég þakka ykkur öllum samstöðuna og traustið sem þið hafið sýnt á árinu, það er ekki sjálfgefið. Þeim sem hafa starfað fyrir stéttarfélagið, í nefndum og ráðum sem og starfsfólki FÍA færi ég sérstakar þakkir fyrir ósérhlífni trúmennsku og vinnusemi sem er ómetanleg.

Jón Þór Þorvaldsson

Sameiginleg yfirlýsing samgönguráðherra Austurríkis, Belgíu, Danmerkur, Frakklands, Ítalíu, Lúxemborgar, Hollands og Portúgal.

# COVID-19 enduruppbygging: Í átt að samfélagslega ábyrgum flugsamgöngum

COVID-19 krísan hefur haft gríðarlega alvarleg áhrif á flugrekstur og um leið alla þá er starfa við flug. Hún hefur beint kastljósinu að þeim djúpstæðu breytingum sem orðið hafa á fluggeiranum undanfarin ár: Fjölgun ódæmigerðra ráðninga áhafna, t.d. í gegnum starfsmannaleigur, fjölgun sjálfstæðra verktaka og fyrirkomulags þar sem flugmenn greiða fyrir alla sína þjálfun sjálfir (e. pay-to-fly schemes) auk mikillar fjölgunar starfsstöðva flugfélaga í ólíkum lögsögum. Þessi þróun getur falið í sér gríðarlega áskoranir fyrir yfirvöld einstakra ríkja, flugfélaga og flugáhafna. Þessar áskoranir eru m.a. lagaleg óvissa vegna skatta- og vinnulöggjafar, óvissa um félagsleg réttindi starfsfólks, brengluð samkeppni milli flugfélaga og ójöfn réttindastaða starfsfólks auk þess sem löggjöf ríkja sem og framkvæmd og eftirfylgni reglna er víða ábótavant. Þetta ástand kallar á sérstaka athygli – einkum á erfiðum tímum líkt og nú.

Þess vegna fögnum við þeim aðgerðum sem framkvæmdastjórn ESB, aðildarríki og hagaðilar í fluggeiranum hafa nú þegar ráðist í<sup>1</sup>. Við köllum eftir því að framkvæmdastjórnir Adiana-Ioana Vălean og Nicolas Schmit, sem og aðildarríki ESB, hrindi í framkvæmd þeim tillögum sem sérfræðingahópur framkvæmdastjórnarinnar um félagsleg réttindi flugáhafna hefur lagt til.

Við leggjum áherslu á það sameiginlega markmið okkar að styðja við samfélagslega ábyrgar flugsamgöngur í Evrópu, þar sem félagsleg réttindi eru varin, öryggi er eftir og samkeppni byggist á sanngjörnum grundvelli frekar en félagslegum undirboðum. Slíkar aðstæður eru jafnframt grundvöllur þess að hægt sé að laða að, þjálfa og halda sérþjálfuðu og færnu fagfólki í starfi. Til að svo megi verða er áriðandi að tryggja betri samhæfingu yfirvalda samgöngu- og félagsmála, bæði í einstaka löndum og á vettvangi Evrópusamstarfs. Lagaleg víska og skilvirk eftirfylgni evrópskra- og landsreglna er lykillinn að samfélaglegri og sjálfbærri tengingu, þar á meðal er krafan um að vita hvaða vinnulöggjöf gildir um áhafnir hverju sinni. Einnig þarf að taka til skoðunar félagslegu hliðina þegar reglugerð ESB nr. 1008/2008 um framkvæmd flugþjónustu innan ESB verður endurskoðuð.

Til að komast sterkari og þrautseigari út úr þessum fordæmalausanda þarf að tryggja heilbrigða og sanngjarna samkeppni og samfélagslega ábyrga tengingu fyrir ferðalög almennings í Evrópu. Til að ná þessu markmiði köllum við eftir því að framkvæmdastjórn ESB taki forystu í málinu, og skuldbindum við okkur til að gera slíkt hið sama innan okkar ríkja og á Evrópugrundvelli, í nánú samstarfi við framkvæmdastjórnina, aðildarríkin, Vinnumálastofnun Evrópu og innan sérfræðingahóps um félagsleg réttindi flugáhafna.

Fyrir hönd Austurríkis:  
Leonore Gewessler  
Bundesministerin für Klimaschutz, Umwelt, Energie, Mobilität, Innovation und Technologie

Magnus Brunner  
Staatssekretär im Bundesministerium für Klimaschutz, Umwelt, Energie, Mobilität, Innovation und Technologie

Fyrir hönd Belgíu:  
Georges Gilkinet  
Ministre de la Mobilité

Fyrir hönd Danmerkur:  
Benny Engelbrecht  
Minister for Transport

Fyrir hönd Frakklands:  
Jean-Baptiste Djebbari  
Ministre délégué chargé des Transports

Fyrir hönd Ítalíu:  
Paola De Micheli  
Minister for Infrastructure and Transport

Fyrir hönd Lúxemborgar:  
François Bausch  
Ministre de la Mobilité et des Travaux Publics

Fyrir hönd Hollands:  
Cora van Nieuwenhuizen Wijbenga  
Minister for Infrastructure and Water Management,  
also on behalf of the Minister of Social Affairs and Employment

Fyrir hönd Portúgal:  
Pedro Nuno Santos  
Minister of Infrastructures and Housing

Hugo Mendes  
Deputy Minister and Secretary of State for Communications

1. Sem dæmi: Yfirlýsing ráðherra „The Social Agenda in Aviation – Towards Socially Responsible Connectivity“ (10/2018, og þátttaka Austurríkis frá 2019); Skýrsla framkvæmdastjórnar ESB „Maintaining and promoting high social standards“ í evrópskum flugsamgöngum (03/2019); Ítarleg rannsókn á óhefðbundnu vinnufyrirkomulagi flugáhafna (01/2019) og Vinnustofa um „socially responsible air transport“ (04-2019); Sérfræðingahópur aðildarríkja um félagsleg réttindi flugáhafna, „Social matters related to aircrews“ (2019-).



## Nýr Kjarasamningur við Atlanta



Heimir Arnar Birgisson, gjaldkeri FÍA og formaður samninganefndar við Atlanta, skrifar:

Laugardaginn 5. desember var skrifað undir nýjan kjarasamning FÍA við Flugfélagið Atlanta. Í kjölfarið var samningurinn samþykktur í atkvæðagreiðslu með yfirgnæfandi meirihluta, eða 96% atkvæða. Segja má að um tímamótasamning sé að ræða þar sem samningurinn er framlengdur með nokkrum breytingum til loka árs 2025. Það sem gerði þessar samningaviðræður öðruvísi og flóknari en þær fyrri er sú staðreynd að með nýju flugrekstrarleyfi félagsins á Möltu myndaðist ákveðin lagaleg óvissa um stöðu fastráðinna flugmanna félagsins. Markmið samninganefndar FÍA í viðræðum við félagið var að tryggja þau störf sem hjá félaginu eru eins og best verður á kosið, verja kaup og kjör ásamt því að leggja grunn að endurnýjðri framtíð félagsins.

Það er ekkert launungamál að Covid-faraldurinn setti stórt strik í rekstrarreikning félagsins þegar helmingi flugflotans var lagt fyrir á árinu. Síðan þær hörmungar dundu yfir hefur félagið þó náð að vinna sig að miklu leiti í gegnum skafinn á frakthliðinni og við viljum trúa því að framtíðin sé björt.

Fyrir hönd stjórnar FÍA óska ég flugmönnum Atlanta til hamingju með samninginn.

## Starfsmenntasjóður á tímum kófsins

Jóhann Ingi Sigtryggsson, stjórnarmeðlimur í starfsmenntasjóði, skrifar:



Árið hófst með nokkuð hefðbundnum hætti hjá Starfsmenntasjóðnum. Á veturna höfum við haldið 1-2 fræðsluerindi á mánuði fyrir félagsfólk okkar.

Skömmu eftir að ný stjórn FÍA var kosin stóð til að fara í stefnumótunarvinnu með starfsmenntasjóðinn en því var slegið á frest vegna Covid-19.

Félagar í FÍA voru fljótir að taka við sér þegar mestu uppsagnir í sögu stéttarfélagins riðu yfir. Stjórn Starfsmenntasjóðs hafði vart undan að svara fyrirspurnum og afgreiða styrki til félagsfólks sem dreif sig af stað og settist á skólabekk.

Í haust buðum við félagsfólki styrk til viðhalds/endurnýjunar á tegundaráritunum og hafa þó nokkrir nýtt sér úrræðið.

Ég óska félagsfólki okkar velfarnaðar og vona að viðspyrnan verði kraftmikil árið 2021.

## Hefur þú kynnt þér möguleikana?

Fylgstu með starfsmenntasjóði á Facebook síðu sjóðsins: Starfsmenntasjóður FÍA.

Styrkir til félagsmanna úr starfsmenntasjóði skiptast í tvennt, annars vegar styrkir til starfsmennta og hins vegar styrkir til tómsunda.

- Styrkir til starfsmennta eru að hámarki 500.000 krónur eða allt að 85% af heildarnámsskostnaði.

- Styrkir til tómsunda eru að hámarki 50.000 krónur eða allt að 85% af kostnaði.

Hámarksstyrkveitingar taka til síðustu 36 mánaða og eru greiddar í hlutfalli við vinnuhlutfall umsækjanda.

Fyrirlestrar á vegum SFÍA geta tekið til faglegra mála, tómsunda eða eingöngu til skemmtunar fyrir félagsmenn. Félagsmenn eru hvattir til að senda inn ábendingar um fyrirlestra og verða allar ábendingar teknar fyrir af stjórn SFÍA.

Lestu nánar um styrkina á [fia.is](http://fia.is)!



# JÓLAHUGVEKJA

## Skýjaborga

Kæru félagar,

Það líður varla sú vika að við fáum ekki tölvupóst frá félögum okkar þar sem kvartað er yfir umgengni og þrifum á orlofshúsum félagsins.

Auðvitað er óþolandi að mæta í húsin ef þau standast ekki þær kröfur sem við gerum en við verðum að muna og skilja að þetta eru orlofshús. Hvað er átt við með því? Jú, þetta eru hús sem eru ekki endilega þrífins eins og skurðstofur á milli leigjenda þar sem skíta-standardinn er misjafn. Við getum að sjálfsgöðu farið þá leið að láta þrifa húsin „professional“ eftir hverja leigu en það kostar peninga sem auðvitað myndi sjálfkrafa hækka leiguna.

Dvölin er ekki ónýtt eða húsin ömurleg þó eitthvað mætti eflaust betur fara. Það að skipta um batteríslausa hluti, skipta um perur eða ryksuga ló undan rúmi kallar ekki á Fálkaorðu. Þetta eru orlofshús þar sem allir þurfa að taka þátt, því þetta eru húsin okkar, í eigu okkar sem félagsmanna FÍA.

Eitt af umkvörtunarefnum eru hundahár og það vekur okkur furðu að einhverjir félagsmanna hika greinilega ekki við að taka með sér hunda í húsin, jafnvel þó það sé bannað. Það er með öllu ólíðandi.

Það er ótrúlegt að þurfa aftur og aftur að skrifa pistla í fréttabréf FÍA til að benda fullorðnu fólki að ganga sómasamlega um eftir sig en því miður þá er það hinn dapri veruleiki.

Gleðileg jól.







# Alþjóðastarf í blóma 2020

Sara Hlín Sigurðardóttir, formaður alþjóðanefndar og stjórnarmeðlimur FÍA.


Þrátt fyrir samkomutakmarkanir og lokuð landamæri vegna Covid-19 faraldursins hefur alþjóðasamstarfið sjaldan verið meira. Áður fyrr voru fjarfundir aðeins haldnir ef mikið lá við og tókust misvel enda fólk óvant. Nú eru breyttir tímar. Mun auðveldara er að ná fólki saman þar sem flestir eru meira heima við og aðgengi að sérfræðingum innan alþjóðasamtaka á borð við IFALPA hefur aldrei verið betra.

í óformlegra spjall. Með þessum hætti hefur FÍA, ásamt öðrum fulltrúum flugmanna, meðal annars fundað með Adiana-Ioana Vălean, framkvæmdastjóra samgöngumála hjá Evrópusambandinu, Stephen Cotton, forseta Alþjóðlegu flutningamannasamtakanna (ITF) og með fulltrúum Flugöryggissamtaka Evrópu (EASA) um endurkomu B737-MAX. Eðlilega hefur megináherslan verið á áhrif faraldursins og á möguleika í enduruppbyggingu.

Mun auðveldara er að ná fólki saman þar sem flestir eru meira heima við og aðgengi að sérfræðingum innan alþjóðasamtaka á borð við IFALPA hefur aldrei verið betra.

Margir vinnuhópar funda jafnvel vikulega og inn á milli eru miðlar eins og Whatsapp og Teams nýttir

Hér að neðan má sjá brot af þeim fjölmörgu fundum sem við höfum sótt.





## Mikilvægt dómafordæmi varðandi verktakasamninga flugmanna

# Primera dómurinn

Sonja Bjarnadóttir,  
lögfræðingur FÍA skrifar:

Nýlega féll dómur félagsdóms í Danmörku þar sem staðfest var að flugfélagið Primera braut gegn lögum með því að ráða flugmenn með heimahöfn (e. home base) í Danmörku sem verktaka. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að flugmaður sem ráðinn var inn sem verktaki með heimahöfn í Danmörku ætti rétt á sömu launum og réttindum og samstarfsfélagar hans sem störfuðu eftir kjarasamningi hjá sama fyrirtæki.

Flugfélagið Primera hafði þá ráðið inn flugmenn sem verktaka frá dótturfélagi staðsettu á Guernsey. Þeir höfðu heimahöfn í Danmörku en nutu ekki lífeyrisgreiðslna, orlofs og fengu eingöngu greidda 10 veikindadaga á ári.

Með dóminum er sett mikilvægt fordæmi um að ekki er heimilt að undirbjóða kjarasamninga með þessum hætti, þ.e. með því að fara framhjá kjarasamningsbundnum launum og réttindum með verktakaforminu.

Það hefur verið ofarlega í hugum félagsmanna FÍA að tryggja þurfi betur ráðningarfyrirkomulag flugmanna enda hefur það bein tengsl við flugöryggi. FÍA hefur undanfarið haldið sínum sjónarmiðum á lofti í umsögnum, álitum og á fundum um málið með ráðuneytum og þingnefndum. Þar hefur FÍA lagt þunga áherslu á mikilvægi þess að í íslenskrí löggjöf verði lagst með skýrum hætti gegn því að ráðningar flugmanna fari fram með óhefðbundnum hætti, þ.e. í gegnum starfsmannaleigur og með verktakasamningum. Dómurinn í máli Primera styður þá niðurstöðu FÍA og gefur mikilvægt fordæmi varðandi málefnið.

Undanfarið áratug hefur víða orðið breyting á ráðningarfyrirkomulagi flugmanna og þá sérstaklega innan Evrópu. Tilvikum þar sem flugmenn eru ráðnir með óhefðbundnum hætti (e. atypical employment), s.s. í gegnum starfsmannaleigur og með verktakasamningum hefur fjölgað. Flugmenn

sem ráðnir eru þannig til starfa njóta lakari kjara, starfsöryggi er minna og réttindi sem áunnist hafa með gerð kjarasamninga eru ekki til staðar líkt og veikinda- og orlofsréttur, þ.m.t. réttur til fæðingarorlofs. Hagnaðurinn af verktöku er allur hjá flugrekanda sem sleppur við að greiða launatengd gjöld og ýmsan annan kostnað við starfsmannahald. Nú í kjölfar Covid heimsfaraldursins og vegna áhrifa hans á flugrekstur hafa vaknað áhyggjur í alþjóðasamfélagi flugmanna um frekari þróun í átt að óhefðbundnum ráðningum flugmanna.

Til stuðnings framangreindu bendir FÍA á niðurstöður tveggja rannsókna sem sýna fram á tengsl milli ráðningarforms og öryggismenningar fyrirtækja sem flugmenn störfuðu hjá. Með því er átt við að sýnt hefur verið fram á að munur er á afstöðu flugmanna til öryggisstefnu vinnuveitanda eftir því með hvaða hætti starfsmaðurinn er ráðinn og að slíkt getur haft áhrif á flugöryggi. Þá gaf framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins út skýrslu árið 2019 sem ber heitið „Aviation Strategy for Europe: Maintaining and promoting high social standards“ þar sem lögð er fram heildaráætlun er miðar að því að viðhalda og efla félagsleg réttindi innan flugiðnaðarins.

Flugmaður getur í eðli sínu ekki starfað sem verktaki þar sem starfsumhverfi og skyldur hans uppfylla ekki skilyrði verktöku sem sett hafa verið fram í lögum og dómaframkvæmd. Flugmaður starfar ekki sjálfstætt eins og á við um verktaka. Hann mætir ekki með eigin tæki og töl til vinnu, hann ræður hvorki vinnutíma sínum né verkefnum og getur ekki ráðið aðra sér til aðstoðar.

Starfsöryggi er flugmönnum hugleikið. Þeir flugmenn sem starfa sem verktakar búa sjaldnast við rétt til endurráðningar missi þeir vinnuna af einhverjum orsökum. Samtök flugmanna um allan heim hafa lagt áherslu á að starfsöryggi sé beintengt við flugöryggi. Flugmaður sem óttast um starf sitt er

.....

Flugmaður getur í eðli sínu ekki starfað sem verktaki þar sem starfsumhverfi og skyldur hans uppfylla ekki skilyrði verktöku sem sett hafa verið fram í lögum og dómaframkvæmd.





# Primera dómurinn...



líklegri til að byggja ákvarðanatöku á röngum forsendum en hinn sem starfar samkvæmt leikreglum kjarasamnings. Þegar starfsöryggi er ótryggt er flugmaður ólíklegri til að stoppa vél vegna hugsanlegra öryggisþátta með tilheyrandi kostnaði fyrir flugrekandann. Hann er einnig líklegri til að mæta illa fyrir kallaður til vinnu vegna veikinda eða þreytu af ótta við að það verði notað gegn honum komi til fækkunar flugmanna auk þess sem veikindaréttur er að öllum líkindum lítill sem enginn.

Skýrslugerð er einnig ríkur þáttur í öryggis-  
menningu í flugi og eru flugmenn hvattir til að skila inn skýrslum um öll hugsanleg atvik og þ.m.t. eigin mistök sem hefðu getað leitt til slyss eða tilkynningaskylds atviks. Flugmenn sem eru í beinu ráðningarsambandi og starfa samkvæmt kjarasamningi eru líklegri til að skila inn slíkum skýrslum og þar með efla flugöryggi líkt og kemur fram í rannsókn London School of Economics and Political Science „European pilots“ perceptions of safety culture in European Aviation“ frá 2016 og hins vegar í rannsókn Háskólans í Gautaborg „High-flying risks.

Variations in working conditions, health and safety behaviours among commercial airline pilots in relation to safety climate.“

Af framansögðu teljum við mikilvægt að beint ráðningarsamband sem byggt er á kjarasamningi sé meginregla sem flugrekendum er starfa samkvæmt íslensku flugrekstrarleyfi verði gert að hlíta. Þessu hafa Danir náð fram, sbr. nýlegan félagsdóm Danmerkur sem nefndur var hér að framan.

Af dóminum í máli Primera flugfélagsins má einnig leiða að regluverk Evrópusambandsins nær ekki að fyrirbyggja félagsleg undirboð með fullnægjandi hætti.

Sterk vinnulöggjöf í Danmörku setur skýr mörk hvað þetta varðar og hefur leitt til þess að flugrekendum sem stunda félagsleg undirboð hefur gengið afar illa að festa sig í sessi þar í landi og hefur ítrekað verið bolað burtu þaðan. Þetta segir okkur að við getum spyrnt á móti á sama tíma og við virðum fjórfrelsi EES samningsins.

.....  
Flugmaður sem óttast um starf sitt er líklegri til að byggja ákvarðanatöku á röngum forsendum en hinn sem starfar samkvæmt leikreglum kjarasamnings.

# ÖRYGGISMÁL

Mynd: Nikolay of Unsplash

Verkefni Öryggisnefndar FÍA hafa verið nokkuð fjölbreytt á árinu en hér er stiklað á stóru á verkefnum ársins.

Á árinu hafa nefndinni borist beiðnir um að skila inn umsögnum um nokkurn fjölda þingmála og nú síðast um deiliskipulag Reykjavíkurborgar vegna nýrrar byggðar í litla Skerjafirði. Byggðin er það háreist að hún mun fyrirsjáanlega valda ókyrrð og slyshættu í miklum vindi, sérstaklega í aðflugi að flugbrautum 31 og 01.

Athygli var vakin á því að Isavia kallaði eftir rannsókn Hollensku geimferðastofnunarinnar (e. Royal Netherlands Aerospace Centre, NLR) á áhrifum byggðarinnar á vindafar og ókyrrð á flugvelli-num. Í skýrslu NLR kemur fram að þótt nýbyggingar rísi ekki upp í hindranafliot flugbrauta er ekki þar með sagt að öllum öryggiskröfum sé fullnægt. Byggingarnar valda ókyrrð, geta haft mjög truflandi áhrif og geta jafnvel skapað hættu. Niðurstaða rannsókna NLR er sú að hættan sé ekki óásættanleg en kalli á mildunarráðstafanir.

Í haust var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkflugvallar. ÖFÍA sendi umsögn um málið, þar sem afstaða nefndarinnar er útskýrð og ljósi varpað á þá fjölbreyttu starfssemi sem fram fer á vellinum.

Það skapaðist tilefni til að senda viðauka við umsögnina eftir að borgarstjóri Reykjavíkur hélt því fram í útvarpsviðtali nýverið að vatnaskil hefðu orðið þegar Þorgeir Pálsson, fyrrverandi flugmálastjóri, komst að þeirri niðurstöðu að umfangið í fluginu og nýjar gerðir og stærri vélar kölluðu á nýjan varaflugvöll fyrir Ísland.

Þarna dró borgarstjórinn kolranga ályktun af skýrslu Þorgeirs sem kom út í ágúst 2017. Þó svo að aukið umfang flugrekstrar reyni á þolmörk Reykjavíkflugvallar sem varaflugvallar er ekki þar með sagt að það sé tilefni til að leggja hann niður.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem borgarstjóri afvegaleiðir umræðu um Reykjavíkflugvöll með útúrslunum eða rökvillum, hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað er þetta er hvítleiður ávani sem þarf að svara.

Öskjuhlíðarskógur vex og grær. ÖFÍA hefur lagt ríka áherslu á að gróðri undir aðflugi að braut 31 sé haldið í skefjum. Í sumar var svo komið að nýtt og svo gott sem ónothæft RNAV aðflug var gefið út að brautinni, mjög bratt og með háu aðflugslágmarki í óraunhæfri fjarlægð frá þröskuldinum. ÖFÍA hefur átt í góðu samstarfi við Isavia um úrbætur, en að fella tré í Öskjuhlíð er gríðarlega viðkvæmt pólitískt mál. Það síðasta sem við fréttum af þessu var að nýtt og nothæft RNAV aðflug að braut 31 ætti að geta komist í gagnid í desember.



Mynd: Egill Ibsen

Ingvar Tryggvason,  
formaður ÖFÍA

# ÖRYGGISMÁL

Bygging Háskólans í Reykjavík er mikið og fagurt kennileiti, gríðarstórt bílastæðið er gróðursælt en einhverra hluta vegna urðu aspir fyrir valinu, sem hafa óheppilega eiginleika nærri flugvelli. Sú hugmynd hefur verið rædd í Hlíðasmáranum að færa HR að gjöf eins og 250 sitkælni, en það er harðgerð og vindþolin planta.

## IFALPA Annex 29

Liðsmenn ÖFÍA vinna að uppfærslu á "íslenska listanum" í IFALPA ANNEX 29, en það er skrá yfir sérkenni og vankanta á flugvöllum um heim allan. Sem dæmi um sérkenni er óiumölin á flugbrautum sem veldur óvenjulegu dekkjahljóði og getur valdið skemmdum á t.d. loftskrúfum.

## Egilsstaðaflugvöllur

Íslensk stjórnvöld fengu Þýska ráðgjafafyrirtækið Airsight til að gera tillögur að breytingum á Egilsstaðaflugvelli, annarsvegar uppbyggingu innviða og svo breytingar á flugumferðarþjónustu. Formaður ÖFÍA hefur tekið þátt í starfshópi hér innanlands sem hefur séð Airsight fyrir gögnum og upplýsingum. Reiknað er með að Airsight skili sinni skýrslu í janúar.

## EGNOS

Mikið hefur verið þrýst á útbreiðslu EGNOS merkisins á landinu. Ítarlegur texti er í nefndaráli Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 10. júní 2020 þar sem mikil áhersla er lögð á frekari innleiðingu EGNOS. Nú síðast sendum við Rannís minnisblað okkar um EGNOS en Rannís vinnur að aðkomu Íslands að geimætlun ESB.

## Breytingar á skiptihæð

Breytingar á skiptihæð (e. transition altitude) eru líklega í farvatninu. Innlendir flugrekstraráðilar komu erindi á framfæri við Samgöngustofu fyrir nokkru síðan. Í haust var formlega leitað eftir umsögn ÖFÍA um málið. Hækkun á skiptihæð kæmi sér vel á Íslandi, myndi m.a. greiða fyrir umferð til og frá Keflavík um SID og STAR ferla og virðist sem 18000 fet vera líklegasta lendingin. Breska flugmálastjórnin hefur unnið mikla greiningarvinnu og hefur þetta sem opinbert markmið ásamt fleiri Evrópulöndum.

## Reykjavík Flight Safety Symposium

Ráðstefnan Reykjavík Flight Safety Symposium var haldin í vor í skugga heimsfaraldurs. Þar sem samkomutakmarkanir voru handan við hornið var ákveðið að streyma ráðstefnuhaldinu og gekk það snuðrulaust fyrir sig. Þúsundþjalamiðurinn Heimir Helgason hefur haft veg og vanda af upptökum fyrirlestranna frá upphafi og setti hann einfaldlega upp einskonar sjónvarpsstúdíó og sá til þess að allt kæmist til skila. Upptöknar má finna [hér á vefsíðu FÍA](#).

Næst er ráðstefnan áformuð 30. apríl 2021 og tveir áhugaverðir fyrirlesarar eru þegar bókaðir. Eins og staðan er núna er ráðstefnan skipulögð rafræn vegna sóttvarnaraðgerða og ráðstafana á landamærum.

## ÖFÍA 2020

Ingvar Tryggvason, formaður  
Björn Ásbjörnsson  
Einar Júlíusson  
Hjalti Grétarsson  
Jón Hörður Jónsson  
Margrét Elín Arnarsdóttir  
Ragnar Friðrik Ragnars  
Walter Ehrat



Heimir Helgason reddaði málnum þegar breyta þurfti ráðstefnunni í rafræna ráðstefnu með nær engum fyrirvara.



RFSS 2020: Högni B. Ómarsson (lengst til vinstri) var fundarstjóri Á RFSS 2020. Við hlið hans standa Rory Clarkson, Hlín Hólm, Ingvar Tryggvason og Harry Nelson.





# COVID-19 ÁRI SÍÐAR og bólusetning innan seilingar

Hannes Petersen  
trúnaðarlæknir FÍÁ skrifar

Kvef eða „common cold“ er öndunarferasjúkdómur sem flest okkar hafa fundið fyrir og eflaust oftast en einu sinni. Sjúkdómurinn er alla jafna vægur og gengur yfir án séstakrar meðferðar eða eftirmála. Þekking okkar á kvefi er ekki löng en árið 1930 var fyrst sýnt fram á að flytja mætti kvef milli manna með nefsekreti (hori). Tuttugu árum síðar var veira loks ræktuð sem framkallar einkenni kvefs og því kölluð „kvef-veira“. Fleiri og fleiri veirur ræktuðust á næstu árum, þær voru flokkaðar og fengu nöfn s.s. rhinovírus, adenovírus\*, parainflúenzu veirus og að lokum kórónaveirus. Kórónaveirus mynda fjölskyldu skyldra veira sem eru þekktar af því að valda sýkingum í mönnum, aðallega kveflíkem einkennum en einnig einkennum frá lungum, meltingarvegi og öðrum líffærakerfum. Þekktar kórónaveirus sem ábyrgar hafa verið fyrir smáfaröldrum á síðustu árum eru: Severe Acute Respiratory Syndrome CoronaVirus (SARS-CoV) og Middle East Respiratory Syndrome CoronaVirus (MERS-CoV).

Fyrir ári braust út kórónaveirufaraldur í Wuhan borg í Kína og dreifði sér hratt um heimsbyggðina. Rannsóknir hafa sýnt að veiran Severe Acute Respiratory Syndrome CoronaVirus 2 (SARS-CoV-2) er ábyrg, en hún tilheyrir beta-armi kórónaveiru fjölskyldunnar og er genamengi hennar samsett úr 29,903 bp (basapörum), sem raðað er upp í einþátta RNA. Fljótlega kom í ljós að veiran gat dreift sér á milli manna (Li Q., et al. Early transmission dynamics in Wuhan, China, of novel coronavirus-infected pneumonia. N Engl J Med. 2020;382:1199–1207) en það er forsenda fyrir faraldri smita. Sjúkdómurinn sem fram kemur við smit SARS-CoV-2 veirunnar kallast Covid-19 og tekur til litrófs allra einkenna, frá vægum hita til dauða.

Covid-19 hefur sýnt sig að valda meiriháttar heilsutjóni, áður óþekktu álagi á heilbrigðiskerfi og hruni efnahagsstöðugleika. Þetta kallar á úrlausnir sem taka til allra þessara þátta, en óhætt er að segja að hraði framfara á úrlausnasviðinu hafi verið með ólíkindum. Hér á eftir verður einungis fjallað um heilsutengdar úrlausnir, sem í fyrstu tengdust framförum í bráðafasa sjúkdómsins, þ.e. hvernig meðhöndla ætti alvarlegustu (öndunarbílunar) tilfellin. Frá marsmánuði 2019 hafa daglega birst tugir greina í vísindatímaritum þar sem kynntar hafa verið mismunandi birtingarmyndir eða gagnreyndar upplýsingar sem snúa að meðferð Covid-19.

Fljótlega varð öllum ljóst, að til að koma böndum á faraldurinn þyrfti að koma til bólusetninga gegn SARS-CoV-2 veirunni og því hófst ævintýralegt kapphlaup í þróun bóluefnis, þar sem krafa var tvíþætt:

A.

Að veita vernd gegn smiti veirunnar og þar með að koma í veg fyrir sjúkdóminn.

B.

Að vera öruggt þ.e. valda ekki öðrum heilsufarsvandamálum í bólusettingum.

Í dag eru meira en 150 bóluefni gegn SARS-CoV-2 í þróun viðsvegar í heiminum, en þrjú þessara bóluefna frá fyrirtækjunum Pfizer/BioNTech, Astra Zeneca og Moderna hafa verið áberandi í umræðunni hér á landi síðustu vikur. Þessi bóluefni eru öll í þriðja fasa rannsókna og taka til tugþúsunda einstaklinga sem hafa verið bólusettir. Niðurstöðurnar lofa góðu og eru lyfjastofnanir margra landa við það að veita leyfi til notkunar.

## Hvernig virka bóluefnin?


Þegar einstaklingur smitast af SARS-CoV-2 veirunni, fara af stað flókin ferli í frumum/vefjum líkamans sem framkalla sjúkdómseinkenni Covid-19. Ónæmiskerfi líkamans er ræst til að ráða niðurlögum smits og sjúkdóms, en ræsingin grundvallast á að greina veiruna. Við ættum flest að þekkja útlit SARS-CoV-2 veirunnar en þar eru broddarnir (e. spikes) mest áberandi. Þessir broddar eru í aðalhlutverki, því þeir eru lykillinn að aðgangi veirunnar að líkama smitaðs einstaklings og ræsingu ónæmissvars hjá honum (mynd 1). Þess vegna kemur ekki á óvart að þessi þrjú bóluefni sem náð hafa lengst, byggja á virkni broddanna sem eru úr svokölluðum broddpróteinum (e. spike-proteins). Í Pfizer/BioNTech og Moderna bóluefnum er erfðarefnis (mRNA) búið, sem skráir uppskriftina að broddpróteininu, komið fyrir í ör-(nano) fitubólu sem sprautað er í líkama (vöðva) einstaklings við bólusetningu. Í AstraZeneca bóluefninu er erfðarefnis (mRNA) búiðnum komið fyrir í erfðabreyttu simpansa adenoveirunni (\*kvefveira sjá áður) ChAdOx1, en þessi veiklaða veirufurja losar erfðaeftirbúið í frumur líkamans. Í báðum bóluefnaleiðunum fara frumur líkamans að framleiða broddpróteinin, sem síðan ræsa bæði frumu- og mótefnabundnu ónæmissvörin sem að lokum leiða til ónæmisminnis (sjá nánar [YouTube myndband](#)).

Vert er að hafa í huga að ekki er um endurmyndun heillar SARS-CoV-2 veiru að ræða, sem kemur í veg fyrir að bólusettur einstaklingur veikist með öllu einkennalitrófi Covid-19 við bólusetningu. Það er síðan vegna ónæmisminnisins hjá bólusettum einstaklingum að ónæmiskerfi líkamans nær að greina SARS-CoV-2 veiruna strax við smit og eyða henni, en það kemur í veg fyrir Covid-19 sjúkdóm og fjölföldun veirunnar. Hvort það síðarnefnda hamli því að bólusettur

„...sé bóluefni samþykkt af Lyfjastofnun þá mun notkun þess (bólusetning með því) ekki hafa áhrif á heilbrigðisvottorð flugmanna, þegar þeir láta bólusetja sig.“

BÓLUSETNING HVERS OG EINS ER ÞVÍ TVÍÞÆTT, AÐ VERJA SJÁLFA SIG OG SÍÐAN AÐRA SEM EKKI ER HÆGT AÐ BÓLUSETJA.

ÉG MUN ÞIGGJA BÓLUSETNINGU ÞEGAR AÐ MÉR KEMUR.



einstaklingur smiti aðra er ekki vitað, en svara er að vænta því rannsóknir halda áfram.

Hvað varðar áður nefndar forsendur bóluéfnanna á að bóluétt sé tvisvar með 3–4 vikna millibili. Fyrstu niðurstöður á fasa 3 rannsóknunum sem taka til kröfu A. að ofan, sýna að ónæmissvarið sem við það myndast er talið veita vörn gegn slæmri (severe) sýkingu, fjórum vikum eftir fyrstu bóluéttningu. Tveimur vikum eftir seinni bóluéttninguna er vörnin um 90% og á það gróflaga við um öll þrjú bóluéttin. Meðal margra spurninga sem enn er ósvarað og snúa að virkni bóluéttisins:

- Er vörnin eins gagnvart öllum birtingarmyndum Covid-19 sjúkdómsins þ.e. bæði vægum og alvarlegum (vísbendingar um að svo sé)?
- Er vörnin eins í mismunandi hópum einstaklinga, s.s. öldruðum (>85 ára), þeirra sem eru með undirliggjandi sjúkdóma s.s. króníska lungnasjúkdóma, hjarta og æðasjúkdóma og sykursýki?
- Er vörnin til staðar hjá börnum? Allar fasa 3 prófanir hingað til hafa verið gerðar á einstaklingum eldri en 18 ára og því er ekki fyrirhugað að bóluéttja einstaklinga yngri en 15 ára í fyrstu umferð nema þeir séu í sérstökum áhættuhópi.

Fyrstu niðurstöður á fasa 3 rannsóknunum sem taka til kröfu B. að ofan, sýna að engar alvarlegar aukaverkanir við bóluéttningu gegn SARS-CoV-2 veirunni hafa verið skráðar, en almennt er talið að ekki sé hættu á bráðaofnæmi vegna burðarefna í bóluéttinu. Margir finna fyrir eymslum á stungustað og þar má jafnvel sjá roða. Einnig er algengt að einstaklingar finni fyrir þreytu/slappleika, bein- eða vöðvaverkjum, höfuðverk og fái jafnvel vægan hita. Þessi einkenni eru algengari eftir fyrri bóluéttninguna og standa alla jafna ekki lengur yfir en í sóláhring. Þessi einkenni eru á pari við [skráðar aukaverkanir annarra bóluétna](#) þar sem alvarlegar aukaverkanir

s.s. lífshættulegar sýkingar (1:700.000) og jafnvel dauði (1:1.000.000) eru þekkt, en við eftirtrenslan hefur komið í ljós að viðkomandi var oft með undirliggjandi vandamál við bóluéttningu. Hvort vandamál eigi eftir að koma upp löngu eftir bóluéttningu er einfaldlega ekki hægt að svara núna og tíminn einn á eftir að leiða það í ljós, en eins og áður þá er engin ástæða að ætla að í þessu tilviki sé öðru til að dreifa.

Íslenska ríkið hefur gengið frá samningum um kaup á bóluéttinu frá öllum þremur framleiðendum, þ.e. Pfizer/BioNTech, Astra Zeneca og Moderna og stefnt er að því að bóluéttja þjóðina samkvæmt ákveðinni forgangsröðun. Mikilvægt er að allir sem fá boð um bóluéttningu sinni kallinu og láti bóluéttja sig, svo tryggja megi hjarðónæmi innanlands en það þýðir að ekki er nægjanlegur fjöldi næmra innanlands sem nært geta faraldur, en við það ná sér ekki á strik þau smit sem kunna að berast til landsins. Þannig er hægt að vernda viðkvæma hópa sem ekki er hægt að bóluéttja s.s. þungaðar konur, sjúklingar með alvarlega undirliggjandi sjúkdóma s.s. virkt krabbamein í meðferð og ónæmismælda einstaklinga. Bóluéttning hvers og eins er því tvíþætt, að verja sjálfan sig og síðan aðra sem ekki er hægt að bóluéttja. Ég mun þiggja bóluéttningu þegar að mér kemur.

Að lokum er vert að taka það fram að sé bóluéttin samþykkt af Lyfjastofnun þá mun notkun þess (bóluéttning með því) ekki hafa áhrif á heilbrigðisvottorð flugmanna, þegar þeir láta bóluéttja sig. Það er verið að vinna að reglum sem snúa að “varúðar” tíma eftir bóluéttningu og má ætla að flugmönnum verði ráðlagt að fljúga ekki a.m.k. 48 klst. eftir bóluéttningu. Þessi tímamörk gætu breyst enda er þetta allt að gerast í fyrsta sinn.





VIÐ ÓSKUM YKKUR  
GLEÐILEGRA JÓLA  
OG FARSÆLDAR Á  
KOMANDI ÁRI!



**Félag íslenskra  
atvinnuflugmanna**  
Icelandic Airline Pilots' Association





Picture: Ali Abdul Rahman / Unsplash

PAGE 15

FÍA NEWSLETTER

ENGLISH VERSION



# Things are looking up

Jón Þór Þorvaldsson  
FÍA president writes:

Things are looking up. We've received positive news lately. Public vaccinations have begun in the UK, USA, and Canada. Mexico has approved the use of Pfizer's vaccine, and other countries will follow. Foreign airlines are posting updated flight-schedules for the year to come. Ahead is the organizing of pilots' return and their retraining. A long absence from work calls for increased training to maintain skills. Many airlines plan on such an approach, as flight safety is the number one priority. We must conclude that Icelandic operators will react in the same manner, with an increase in return training. Also, proportionally the resignations of pilots in Iceland have exceeded those of other countries over the course of this unprecedented year that has severely damaged the flight industry across the globe.

I feel the dam is about to burst. We hear in the news that people wish to travel, both domestically and internationally. Bookings of tourists with our largest negotiating partner, Icelandair, are on the increase for spring and next summer is looking promising. The booking pattern has changed, as bookings are coming in with a shorter notice than before. That is understandable, also if airlines are unsure whether to fly the trips that are planned.

Early this year, everything was calm here at FÍA. A new board was voted in at a general meeting in February, and we began work on strategic planning and appointing committees and councils. The FÍA operations that the board took over were well and economically run, which has proven a blessing for the year ahead. The financing and infrastructure of the union are very solid, and have withstood the pressure. The work, organization and experience gathered in almost 75 years has come in good hands. FÍA pilots are a very cohesive group of excellent professionals, who have, through unity, supported the basis for very valuable and sought-after jobs, and will continue to do so for a long time. Our unity is the key to the continued success and good work environment, the position our non-union colleagues, who must work for airlines that do not respect European workers' rights or obey the rules of the market, is not an enviable one. It is also clear, that these airlines do no better than others, even though they cheat the system.

## New CLA with Atlanta

